

Jón Eyþórsson:



Sveinn Pálsson

1762 – 25. apríl – 1962

Sveinn Pálsson var fæddur að Steinsstöðum í Skagafirði sunnudaginn fyrstan í sumri 1762, sem bar upp á 25. apríl, og andaðist að Suðurvík í Mýrdal 24. apríl 1840, 78 ára að aldri.

Pegar vér minnumst nú 200 ára fæðingardags Sveins Pálssonar, er það annars vegar fyrir mikilsverðan skerf, sem hann hefur lagt til rannsókna á náttúru Íslands, dauðri og lifandi, og hins vegar vegna þess, að hann var meðal fyrstu embættislækna landsins og vann störf sín af trúmennsku og ósérhlífni, — eins og rómað er í kvæði Gríms Thomsens, *Sveinn læknir og Kópur*, sem margir kannast við. En læknishérað Sveins náði yfir Árness-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, auk Vestmannaeyja, og hans var vitjað til sjúkra austan af Djúpavogi og vestan af Seltjarnarnesi. Allar ár á þessu svæði voru að sjálfsgöðu óbrúaðar, og kom sér því vel, að læknirinn væri ötull vatnamaður og hestar traustir.

Afi Sveins og langafi voru prestar í Goðdölum norður, en faðir hans bóndi og silfursmiður á Steinsstöðum í Skagafirði. Langa-langafi Sveins var séra Sveinn Jónsson hinn lærði á Barði í Fljótum. Af honum er líka kominn karlleggur Thorarensensættar, en Stefánungar eða Stephensensætt af Guðmundi bróður hans. — Þeir Sveinn og Vigfús Thorarensen sýslumaður á Hlíðarenda voru fimmendingar, frá séra Sveini á Barði, og það var talin góð og gild frændsemi á þeirra tíð.

Móðir Sveins Pálssonar var Guðrún Jónsdóttir Eggertssonar lög-

réttumanns á Ökrum í Skagafirði. Hún var orðlögð yfirsetukona og skörungur. Sveinn virðist hafa unnað móður sinni mjög mikið.

Foreldrar Sveins bjuggu við lítil efni. Þau áttu sex börn, er upp komust, og var Sveinn yngstur. Hann einn var settur til mennta og brautskráðist úr Hólaskóla tvítugur að aldri. Gat hann þá þegar tekið prestvígslu, eins og gert höfðu að minnsta kosti sex forfeður hans í beinan karlegg. Í stað þess gerðist Sveinn vertíðarmaður næsta vetur suður í Njarðvík, og var honum þá efst í huga að styðja foreldra sína í lífsbaráttunni. En sumarið eftir (1783) gerðist það, að Jón Sveinsson landlæknir kemur öllum óvörum að Steinstöðum og falar Svein, frænda sinn, fyrir nemanda í læknisfræði. Höfðu kennarar á Hólum bent honum á Svein „sem ekki ólíklegan til hvers, er við hafa skyldi“. Varð það að ráði, að Sveinn færi að Nesi við Seltjörn, enda voru foreldrar hans þess fýsandi. Hann lagði af stað suður Stórasand undir veturnætur um haustið, hreppti illviðri á fjöllum og komst loks eftir 27 daga ferðalag suður að Nesi. Hér má skjóta því inn í, að um þessar mundir átti landlæknir að taka pílta til kennslu í læknislist. Þeir skyldu vera við nám í 3–4 ár, og stjórnin veitti þeim 20 rd. styrk á ári. Landlæknir fæddi þá, enda mátti hann láta þá vinna, hvað sem fyrir kom. Að námslokum skyldu þeir ganga undir eins konar próf.

✽

Þegar Sveinn hafði verið fjögur ár í Nesi, hvatti landlæknir hann til framhaldsnáms við háskólann í Kaupmannahöfn, og varð það að ráði, þrátt fyrir féleysi Sveins. Hefur Jóns Sveinsson eflaust ætlað honum að verða landlæknir eftir sinn dag.

Í Kaupmannahöfn dvelst Sveinn hátt á fjórða ár. — Þar opnast honum margir nýir heimar, og fróðleiksporsti hans knýr hann til þess að leggja sig eftir efnafraði og náttúruvísindum samhliða læknisfræðinni. Auk þess fær hann hér hugboð um ýmsar lystisemdir, svo sem hljóðfæralist, dans, lifandi tungumál og teiknunarlist. En efnahagurinn leyfði fáar lystisemdir. — „Komedíuhúsið var sá einasti lystisemdastaður í Höfn, sem Sveinn gat ekki móti sér látið að sækja, þegar ekki þvertók skildingaleysi,“ — segir hann í endurminningum sínum.

Nú gerist það 1789, þegar Sveinn hefur dvalizt tvö ár í Höfn, að prófessor Abildgaard jarðfræðingur stofnar Náttúrufræðafélag



Sveinn Pálsson.

Rauðkítarmynd eftir Sæmund Hólm, teiknuð 7. júlí 1798.

til eflingar náttúruvísindum í Danaveldi. Félagið gengst fyrir kennslu í náttúrufræði og heitir styrk til rannsókna þeim, sem leggi stund á þá fræðigrein á vegum félagsins og sýni með prófi, að þeir séu til þess hæfir.

Þessa freistingu stóðst Sveinn Pálsson ekki. Að vísu hélt hann áfram læknisnámi um hríð, en hann innritar sig sem nemanda í

náttúrufræði og kemst fljótlega í nán kynni og jafnvel vináttu við kennara sína. — Fer þessu fram í hartnær tvö ár. Þá er Garðvistar-tími Sveins liðinn og hann kominn á flæðisker með uppihald. Verður það þá að ráði, að hann gengur undir próf í náttúruvísindum, hinn fyrsti í Danaveldi, og lýkur því með góðum vitnisburði 1. júní 1791, 29 ára að aldri. Jafnframt hafði hann fengið loforð um styrk til rannsókna á Íslandi, og loks gerði hann sér góðar vonir um kennarastöðu í fræðigreini sinni við Hólavallarskóla í Reykjavík. Þær vonir brugðust honum — alveg eins og Jónasi Hallgrímssyni síðar. Var það landi voru og þjóð skaði, sem aldrei verður bættur. En Sveinn yfirgaf Kaupmannahöfn með föstum ásetningi um „að sjá aftur þann elskaða stað, ef líf léntist“, eins og hann sjálfur ritar löngu síðar.

Sveinn Pálsson vann því næst að rannsóknum hér á landi frá því síðsumars 1791 til hausts 1794. Alls nam styrkur til hans að sögn Magnúsar Stephensens 900 rd. og 58 rd. til áhaldakaupa. Mun þetta alls ekki hafa gert betur en standa undir ferðakostnaði hans og veturvistum. — Fyrstu tvo veturna sat hann í Viðey hjá Skúla Magnússyni, en tvo hina síðari hjá Vigfúsi Thorarensen, sýslumanni, að Hlíðarenda í Fljótshlíð. Þá var Bjarni Thorarensen, skáldið, 6—7 vetra, og hélzt jafnan síðan vinátta með þeim Sveini.

Á þessum fjórum sumrum hafði hann ferðazt um mikinn hluta Íslands. Samkvæmt erindisbréfi sínu, sem er mjög langt, skyldi hann *finna, safna og lýsa* náttúrugripum frá öllum þremur ríkjum náttúrunnar og athuga notkun þeirra í atvinnuvegum landsmanna. — Hann á að skrifa í dagbækur sínar allt hið helzta um landfræði Íslands og landshagi, atvinnuvegi, verzlun, búskap, siði, venjur og leiðréttu það, sem rangt reyndist hjá öðrum höfundum. Þá skyldi hann senda félaginu jafnharðan skýrslur um ferðir sínar og störf — og senda því safngripi, steina, plöntur og dýr.

Sveinn Pálsson lét eftir sig dagbækur og ritgerðir í þremur stórum bindum í arkarbroti, og auk þess skrifaði hann margar ritgerðir, sem sumar hverjar eru prentaðar í ritum Lærdómslistafélagsins. Dagbækur hans voru að sjálfstöðu ritaðar á dönsku og afrit send jafnharðan til Náttúrufræðafélagsins danska, sem að vísu lét prenta kafla úr þeim í tímariti sínu. — Nærri lá, að þetta handrit Sveins glataðist að honum látnum. En Jónas Hallgrímsson keypti það góðu heilli úr dánarbúi Sveins sumarið 1842 og gaf

fyrir það 5 rd., en bandið kostaði 3 rd. Síðan keypti Bókmenntafélagið (deildin í Kaupmannahöfn) handritið af Jónasi fyrir sama verð. Þannig komst það í vörslur Landsbókasafns, þótt síðar yrði.

Dagbækur Sveins og ritgerðir lágu óprentaðar í hálfra aðra öld, — því miður. Jónas Hallgrímsson tók nokkurn kafla í rit sín, en Þorvaldur Thoroddsen var sá, sem opnaði augu manna fyrir því, hvíllt stórvirki Sveinn hefði leyst af hendi. Hann notaði handrit Sveins sem mikilsverða heimild, er hann samdi *Lýsingu Íslands* og *Eldfjallasöguna*, hann skrifaði ýtarlega um rannsóknir Sveins í *Landfræðisögu* sinni og lýsti *Jöklariti* hans í *Geografisk Tidsskrift*.

Þorvaldur Thoroddsen er engin loftunga að jafnaði, en á Svein Pálsson ber hann óskorað lof og harmar mjög, að rit hans skyldu ekki komast á prent, þegar þau voru samin.

Það var ekki fyrr en árið 1945, að dagbækur og ritgerðir Sveins voru prentaðar og þá í íslenzkri þýðingu. Er bók sú fullar 800 bls. í fjórblöðungsbroti. Þýðingu og útgáfu önnuðust þeir Steindór Steindórsson, Pálmi Hannesson og Jón Eypórsson. Ber bókinn nafnið *Ferðabók Sveins Pálssonar, dagbækur og ritgerðir, 1791—1797*.

Í *Ferðabók Sveins* kennir margra grasa. Þar eru fyrst dagbækur hans á rannsóknaförum, rúmar 400 bls. Þá eru 7 ritgerðir um sérstök efni, 250 bls. til samans. Þar í er ýtarleg ritgerð um jökla, lýsing Skaftárelda o. fl. Loks eru ýmsar smágreinar og skrár yfir náttúrugripi og jurtir.

Ég ætla aðeins að drepa sérstaklega á eina meginritgerð, *Jöklarit Sveins*. Það er um 125 bls. prentaðar og skiptist í þrjá meginkafla: 1) Um jökla almennt, 2) Um íslenzka jökla og 3) Landspjöll af jöklum og jökulhlaupum.

Hér á landi höfðu menn löngum veitt því athygli, að jökultungur voru breytingum háðar. Stundum kom gangur í þær, svo að þær bólgnuðu upp og ruddust fram, stundum kippu þær sér eða hopuðu til baka. Slíkar jökultungur fengu því hið ágæta nafn, *skriðjökla*, hér á landi. Hitt var erfiðara að gera sér grein fyrir, hvernig á þessu jöklaskriði stæði. — Satt að segja, eru menn ekki enn á eitt sáttir í því efni. Þeir Eggert og Bjarni settu fram sínar getgátur um myndun og hreyfingar skriðjökla, en Sveinn hefur sitt hvað við þær að athuga, sem vænta mátti. Hann komst nærri hinu rétta, er hann gat þess til, að jökulísinn sigi fram af eigin þunga líkt og harpix eða bik. Nokkru áður hafði franskur fræði-

maður, Bordier, látið í ljós svipaða getgátu, en það er fráleitt, að Sveinn hafi þekkt rit hans, enda tekur hann það beinlínis fram, að hann hafi ekki átt þess kost að kynna sér neitt af því, sem ritað hafi verið um Alpajökla. Hinn danski lærimeistari hans var og næsta fáfróður í þeim efnunum.

Hvorki Sveini né hinum frönsku fræðimönnum tókst að sannfæra samtíðamenn sína, en hálfri öld síðar eða rúmlega það komust aðrir vísindamenn að sömu niðurstöðu. — Norski jarðfræðingurinn Amund Helland og Þorvaldur Thoroddsen urðu fyrstir til þess að vekja athygli á Jöklariti Sveins. Þorvaldur hefur stuðzt mjög við rit Sveins um jökulhlaup og landspjöll af þeim.

Eins og áður var getið, fór Sveinn rannsóknafærðir um mikinn hluta Íslands á árunum 1791—1794. Hið síðasta sumarið hafði hann lagt leið sína austur Skaftafellssýslur til Austfjarða, þaðan vestur til Skagafjarðar og loks suður Kjöl, mikla slarkferð. Hann kom 19. október að Hlíðarenda og hafði þá farið, að hann ætlar, 1365 km vegalengd um sumarið. Þetta sumar hafði Náttúrufræðafélagið tilkynnt Sveini, að það sæi sér ekki fært að veita honum lengur rannsóknastyrk, enda voru þá nýir menn teknir við stjórn þess. — Segir Sveinn svo um hagi sína þetta haust: „Þáði hann næstkomandi vetur vistartilboð á Hlíðarenda, — peninga- og atvinnulaus.“

En hér kom og nýtt mál til sögunnar. Sveinn getur þess einhvers staðar, að þegar hann fór úr Viðey vorið 1793 og hélt austur um sveitir, hafi Skúli fógæti beðið sig að taka í ferð með sér dótturdóttur sína, Þórunni, þá 17 ára og vistaða hjá Vigfúsi sýslumanni á Hlíðarenda. „Ekki er ólíklegt, að sá gamli hafi séð lengra fram á veginn en Sveinn ætlaði,“ eins og hann kemst að orði. Þórunn var dóttir Bjarna landlæknis, en Vigfús á Hlíðarenda átti systur hennar.

Þessi unga mæjar var á Hlíðarenda, er Sveinn hafði þar vetursetu, og fór svo, að þau felldu hugi saman. Þegar sýslumaður komst að því, taldi hann Svein af utanför, hét honum styrk til þess að reisa bú og útvega honum læknishérað á Suðurlandi.

Hér var úr vöndu að ráða fyrir Svein. Hann þurfti til Hafnar til þess að fylgja eftir málum sínum við Náttúrufræðafélagið og helzt af öllu að ljúka háskólaprófi í læknisfræði. Enn fremur hafði hann sótt um lektorstöðu við Hólavallarskóla, en hugsaði sér helzt að fara alfarinn af landi burt, ef hann fengi ekki starfið. Vorið

1795 brast sú von, en sýslumaður rak eftir með giftinguna. Þá lét Sveinn leiðast til, eins og hann kemst að orði, „alvanur að fela sig forlaganna herra“.

Brúðkaup þeirra Þórunnar stóð að Hlíðarenda 19. október 1795. Sveinn var þá 33 ára, Þórunn 19. Segir Sveinn það hafi létt mjög lunderni sitt, sem heldur var farið að þyngjast áður, enda varð sambúð þeirra Þórunnar hin ákjósanlegasta.

Þau reisa bú á Yztaskála undir Eyjafjöllum vorið 1796, en flytjast að Kotmúla í Fljótshlíð árið eftir og búa þar í 12 ár. Læknisstörf hlóðust á Svein, og varð Þórunn því að hafa veg og vanda af búskapnum oft og einatt. Er dugnaði hennar við brugðið. Jafnframt hélt Sveinn áfram náttúruskoðun eftir föngum — allt til dánardægurs. Hann skrifaði blómgunartíma jurta og komu farfugla í almanök sín, og veðurbækur hélt hann jafnan, hvar sem hann fór.

Það dróst til ársins 1800 að stofnað væri læknisembætti á Suðurlandi og Sveini veitt sú staða. Árslaun voru 50 ríkisdalir og engin embættisjörð. Fimm árum síðar fékk hann 12 rd. í leigustyrk. Árið 1809 fluttust þau Þórunn búferlum að Suðurvík í Mýrdal og fengu þá jörð nokkru síðar fyrir læknissetur afgangslaust. Þar andaðist Sveinn 24. apríl 1840, en Þórunn var þá dáið fyrir 4 árum. Þau hvíla í hinum forna Reyniskirkjugarði.

Þórunn og Sveinn eignuðust 15 börn, 8 dóu í æsku, en 7 urðu fulltíða. Meðal barna þeirra var Sigríður húsfreyja að Hlíð í Skaftártungu, amma þeirra bræðra Gísla heitins sýslumanns í Vík og síðar sendiherra, Páls latínukennara og Sveins bónda á Fossi. — Páll sonur Sveins var bókbindari og bókaútgefandi í Kaupmannahöfn, og Jón var prestur á Mælifelli í Skagafirði. Þar nyrðra eiga að sjálf-sögðu margir ætt sína að rekja til þeirra frænda frá Steinsstöðum.

Sveinn Pálsson sneri baki við læknisnáminu í Kaupmannahöfn, en lækningar urðu samt ævistarf hans. Náttúruvísindin, sem heilluðu hug hans, urðu aðeins skammvinnur þáttur í ævi hans. Þetta voru meinleg örlög og hafa eflaust verið mikil raun fyrir Svein, enda fékk hann orð fyrir að vera nokkuð einrænn, mislyndur og fáskiptinn. Samt er það mála sannast, að tveggja alda afmælis hans væri tæplega minnzt fyrir læknisstörfin ein, heldur eru það náttúru-rannsóknir hans, sem halda nafni hans á lofti.

Jón Eypórsson.